Einskonar trúskipti

Framhald af bls 11

tré, þá geng ég ekki í Kommúnistaflokkinn." Við þekkjum öll þessar þversagnir; ungi maðurinn, sem tekur virkan þátt í stjórnmálum, sinnir málefnum útigangsmanna og vinnur að bættum kjörum *verkamanna; hann kúgar konuna sína* heima hjá sér.

Hvernig brúum við gjána milli opinbers lífs og einkalífs? Fyrsta skrefið er að skilja það, að málefni einkalífsins eru einnig málefni heildarinnar, eða eins og Hesse segir: „Við drögum mörk persónuleikans alltaf of þröngt." Öll okkar einkavandamál eru afsprengi tíðarandans. Við verðum bara að tjá þau. Andúðin á því, sem aðeins telst heyra einkalífinu til, eru hin viðteknu viðbrögð þessa tímabils. Seinni heimstyrjöldin er fyrir löngu um garð gengin, en vitundin um milljónirnar, sem þá týndu lífinu, hvort heldur á vígvöllunum, í Hírósíma eða í gasklefunum, hefur slævt tilfinningar okkar og samvisku.

Við höfum vanist stórum tölum. Við hugsum ekki sem einstaklingar í litlum stærðum. Allt okkar volæði er einkamál og það verðum við að bera ein. Þar hjálpa háar tölur ekki upp á sakirnar. Það er enginn flótti að rifja upp fyrir sér, *hvernig það er að hugsa sem einstaklingur*, engin uppgjöf — þvert á móti er það mennskur hæfileiki til þess að þýða kalið hjarta. Víða bólar á nýjum mótmælum, sem eru orðin tímabær. — Dagblöðin sem ekki gátu lengur sagt tíðindi af vatnsdælum, sem notaðar voru til þess að dreifa mannfjöldanum, fóru í fréttaleysinu að koma á kreik orðrómi um uppgjöf, flótta og sjálfskoðun. Þetta minnir á viðbrögð fólks, sem heldur í vetrarkuldanum að nú vori aldrei framar.

Að draga sig í hlé, íhuga og hverfa á vit sjálf sín er manninum jafn nauðsynlegt og vatn og brauð. Hæfni okkar til félagshyggju og félagsstarfa eru þættir í *persónuleika vorum á sama hátt* og pyntingarnáttúran á upptök sín í afskræmdum persónuleika fangabúðaböðulsins. Persónusaga hvers einstaklings tengir hann sterkustu böndunum við meðbræður sína. Forsendan til þess að geta tekið þátt í félagslífi og stjórnmálum er hæfileikinn til þess að lifa einkalífi.

V.Í. þýddi

Til skýringar:

SDS Sozialistischer Deutscher Studentenbund.

FDJ Freie Deutsche Jugend = samtök ungkommúnista í Austur-Þýskalandi.
Ohnesr

Ohnesorg = stúdent í Berlín. Hann var áhorfandi að kröfugöngu stúdenta í Berlín og beið bana af kúlu úr byssu lögreglumanns. Dauði hans olli miklum úlfaþyt.

Dutschke = þekktur leiðtogi vinstrisinnaðra stúdenta í V-Þýskalandi.

Lesbók Morgunblaðsins

Útgefandi: H.f. Árvakur, Reykjavík
Framkv.stj.: Haraldur Sveinsson
Ritstjórar: Matthías Johannessen
Styrmir Gunnarsson
Ritstj.fltr.: Gísli Sigurðsson
Auglýsingar: Árni Garðar Kristinsson
Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 10100



Súsanna í baði, eða Súsanna og tveir senatorar. Myndin er tekin á Kjarvalssýningunni, sem staðið hefur yfir í sumar.

Þórarinn Þórarinsson frá Eiðum

Súsanna í baði

Áður en þeirri einstæðu Kjarvalssýningu lýkur, sem nú er á Kjarvalsstöðum, þar sem sýndar eru myndir þessa mikla meistara, sem flestar eru í einkaeign, langar mig til að minnast á eina af þessum myndum, ef einhverjir er lesa þessar línur ættu eftir að skoða sýninguna, eða teldu það ómaksins vert að líta á hana aftur, enn einu sinni.

Mynd sú er hér um ræðir ber nafnið „Súsanna í baði" í sýningarskránni og er á vegg hægra megin þegar gengið er inn í salinn. Eigandi myndarinnar er Jón Þorsteinsson íþróttakennari.

— 0 —

Það var einhverju sinni sem oftar að ég flutti Kjarval frá flugvelli á Egilsstöðum og til kofa hans við Selfljót.

Ekki man ég nú hvort hann var að koma frá því að klassa upp saltfiskinn í Landsbankanum, en af þeirri ferð hans er sérstök saga, sem ekki verður sögð að þessu sinni — eða hann sagðist vera að koma úr gilli frá Ragnari vini sínum, nema hvað, meistarinn var í ágætu skapi, lék á als oddi, auðsjáanlega ánægður með sig og tilveruna.

Þegar hann var sestur upp í bílinn og við lagðir af stað gat hann ekki lengur orða bundist um ástæðuna fyrir gleði sinni.

„Árum saman," sagði Kjarval, „er ég búinn að glíma við problem, sem mér hefur aldrei tekist að leysa fyrr en núna.

Undanfarið (undanfarin ár?) hef ég verið að mála mynd af Súsönnu í baði. Hún á að vera að leika á hörpu í baðinu, en mér tókst aldrei að mála strengina eins og ég vildi hafa þá. Allt í einu leystist problemið, ég notaði vatnsbunur fyrir strengi. En þegar ég var búinn með mynd a voru tveir karlmenn komnir inn á hana til þess að *horfa á Súsönnu* í baðinu. — Átti ég að reka þá út? Nei, herra skólameistari, ég gat ekki fengið það af mér." Þannig — eða mjög á þessa leið fórust Kjarval orð. Þykist ég nokkurn veginn muna mál hans um myndina orðrétt, enda helstu punktar þess skrifaðir upp að lokinni ferð.

Því var það um daginn er ég kom til að skoða sýninguna, að mér brá heldur betur í brún. Í stað lostfagurrar konu, sem ég hélt að Súsanna hefði átt að vera, var þarna á myndinni sviradigur karlmaður í baðinu. *Hitt stóð heima við það sem Kjarval* hafði sagt, bæði með vatnsbunustrengina, þó ég hefði búist við þeim öðruvísi og gæjarana tvo, sem meistarinn gat ekki fengið af sér að reka út af myndinni. Það var kannski heldur ekki von þar sem hér var um að ræða virðulega senatora, eftir því sem myndaskráin hermdi.

Ekki fór hjá því að eitthvað fór hér á milli mála.

Var hugsanlegt að Kjarval hafi átt við aðra mynd en þessa, þegar hann ræddi við mig í blílnum forðum?

Hafi svo ekki verið fór tæpast hjá því að annar hvort misminnti meistarann um kvenlegan yndisþokka eða að okkur bar ekki saman um kyngreiningu á Súsönnuheitinu og ég yfirgaf sýningarsalinn fullur vonbrigða.

Æ síðan að meistari Kjarval sagði mér frá því hvernig hann hefði leyst problemið, sem svo lengi hafði vafist yfir honum í sambandi við hörpuna hennar Súsönnu, hafði mig langað til að sjá myndina af henni í baðinu, en hafði ekki hugmynd um hvar hún var niður komin. — Þarna var þá myndin komin — en allt öðruvísi en ég hafði gert mér í hugarlund. — Í baðinu var karlmannsbeljaki í stað brjóstaprúðrar þokkadísar. — Það var þá ástæða til, eða hitt þó heldur fyrir gæjarana að troða sér inn á myndina, hjá meistaranum til að horfa á þessi ósköp.

Hvílíkur misskilningur af minni hálfu.

— 0 —

Nokkru seinna hitti ég vin minn Jón Þorsteinsson, eiganda myndarinnar og segi honum alla sólarsögguna, og frá vonbrigðum mínum og misskilningi. ekki hafði ég fyrr lokið sögunni en Jón skellihlær sínum smitandi hlátri og segir: „Það fór eins fyrir mér, mér sýndist Súsanna vera karlmaður og sagði Kjarval það. „Nei góði minn, þetta er sápan utan á Súsönnu," segir Jón að Kjarval hafi þá sagt.

Þórarinn Þórarinsson
frá Eiðum.